



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir starfshópa á vegum borgarstjóra sem starfsfólk skóla- og frístundasviðs á fulltrúa í

Eftirfarandi er yfirlit yfir starfshópa á vegum borgarstjóra og borgarritara sem fulltrúar skóla- og frístundasviðs eiga sæti í.

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
Ráðgjafahópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg	Að samhæfa framkvæmdina og vera ráðgefandi gagnvart stýrihópi um innleiðingu kynjaðrar fjárhagsáætlunar (KFS). Ráðgjafahópurinn er jafnframt tengiliður milli stýrihóps og starfshópa á fagsviðum og miðlægrri stjórnsýslu.. Ráðgjafahópur hefur lokið störfum, til stendur að skipa nýjan sérfræðihóp í staðinn.
Stýrihópur um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir	Hlutverk stýrihóps er að hafa heildarumsjón og styðja við innleiðingu breytinga á þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérstakar þjónustuþarfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði.
Öryggisnefnd Reykjavíkurborgar	Að fylgja eftir ákvæðum vinnuverndarlaga og tryggja að fyrirmælum innri og ytri eftirlitsaðila sé fylgt hjá Reykjavíkurborg.
Starfshópur um skoðun og þróun þjónustu á Kjalarnesi	Kortlagning þjónustu Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi. Starfshópur fékk frest á skilum. Skýrslan er tilbúin og verður kynnt fyrir stýrihópi þjónustustefnu 12.febrúar.

<p>Starfshópur um skjalastjórn og undirbúning rafræna skjalastjórnunar hjá Reykjavíkurborg</p>	<p>Tryggja að skjalastjórn sé í samræmi við skjalastefnu Reykjavíkurborgar og undirbúa innleiðingu á rafrænni skjalastjórn. Starfshópurinn er enn að störfum en stendur til að endurskilgreina verkefni hans eða leggja niður.</p>
<p>Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla</p>	<p>Hlutverk stýrihóps um uppbyggingu leikskóla til ársins 2023 er að fylgja eftir framsettum hugmyndum, vakta vel framkvæmdir og tryggja að áætlanir standist bæði tímalínur og kostnað ásamt því að vinna tillögur um endurskoðun áætlana þegar og ef forsendur breytast.</p>
<p>Starfshópur um öryggi persónuupplýsinga í stjórnslu í Reykjavíkurborg</p>	<p>Að hafa yfirumsjón með rýmingu á hinu nýja regluverki og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til þess að mæta auknum kröfum sem gerðar eru með tilkomu þess. Stendur til að endurskilgreina verkefni starfshóps.</p>
<p>Samráðsnefnd Grænna skrefa Reykjavíkurborgar</p>	<p>Hlutverk samráðsnefndar Grænna skrefa er að gera starfssemi Reykjavíkurborgar umhverfisvænni og í því skyni hafa yfirumsjón með verkefninu Græn skref, vinna að þróun þess og veita verkefnastjóra grænna skrefa stuðning í starfi.</p>